



Umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Sími

Farsími

Hjúskaparstaða

☐ Ógift(ur)☐ Gift(ur)☐ Fráskilin(n)☐ Ekkja/ekkill☐ Í sambúð☐ Sambúð slitið

Nafn maka/sambúðaraðila

Kennitala

Aðstandandi/tengiliður/forsjáraðili

Með því að fylla út upplýsingar um tengilið heimilar umsækjandi Reykjavíkurborg að miðla upplýsingum í tengslum við umsókn þessa og þá þjónustu sem veitt er á grundvelli hennar.

Nafn

Sími

Tengsl

Netfang

Senda afrit af svarbréfi til aðstandanda/tengiliðs? ☐ Já ☐ Nei

Nafn

Sími

Tengsl

Netfang

Senda afrit af svarbréfi til aðstandanda/tengiliðs? ☐ Já ☐ Nei

Fötlunargreining

Hefur umsækjandi verið greindur með þroskahömlun eða raskanir / geðfötlun?

☐ Já

☐ Nei

Ef já, hvaða greiningu er umsækjandi með?

Húsnæði sem sótt er um

☐ *Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk* s.s. íbúðarkjarni. Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk er ætlað þeim sem ekki eru á annað hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.

☐ *Húsnæði með stuðningi*. Húsnæði með stuðningi er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.

Fylgiskjöl ☐ Staðfest fötlunargreining

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið um breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Til að geta sannreynt rétt minn á húsnæði fyrir fatlað fólk samkvæmt XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði þarf velferðarsvið Reykjavíkurborgar að afla persónuupplýsinga er mig varða. Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs á næstu blaðsíðu.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda
eða lögráðamanns

Vinsamlegast athugið:

1) Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, sem tóku gildi 1. júní 2019, þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Hafa náð 18 ára aldri á umsóknardegi.
- Uppfylla skilyrði b. liðar 7. gr. reglna.
- Gildistími dvalarleyfis sé að lágmarki 12 mánuðir hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi.
- Vera metin/n til að lágmarki 5 stiga samkvæmt viðeigandi matsviðmiðum reglnanna.
- Hafa gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum við Félagsbústaði hf. eða hafa samið um skuldina.

2) Eftir að umsókn er skilað inn verður umsækjandi boðaður í viðtal til ráðgjafa á þjónustumiðstöð.

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsókn á þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
Upplýsingar veitir einnig þjónustuver Reykjavíkurborgar s. 411-1111

Persónuverndarfræðsla

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg er velferðarsviði Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú veitir í umsóknarferlinu. Auk þess sem unnið er með upplýsingar eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til að sannreyna að skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði séu enn uppfylltar. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir Reykjavíkurborg þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og þess opinbera valds sem Reykjavíkurborg fer með. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjavíkurborg byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, hjúskaparastaða, atvinnustaða, menntun, húsnæðisstaða, húsnæðisbætur, ríkisfang, bankareikning og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Dvalarleyfi. Einnig þarf umsækjandi að skila eftirfarandi upplýsingum þegar við á: örorku- eða umönnunarmat, SIS-mat og staðfesting á fötlunargreiningu.

Persónuupplýsingar um lögráðamann/persónulegan talsmann: Nafn, kennitala, netfang, sími.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Einnig geta upplýsingar borist frá fleiri aðilum s.s. Tryggingastofnun, Útlendingastofnun, heilbrigðisstofnunum, framkvæmdaaðila húsnæðisbóta, sýslumönnum og leigusölum íbúðarhúsnæðis.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðja aðila

Komi til úthlutunar félagslegs leiguhúsnæðis verður almennum upplýsingum um þig miðlað til Félagsbústaða hf. sem annast gerð leigusamnings og umsjón með leigu félagslegs leiguhúsnæðis Reykjavíkurborgar, en Félagsbústaðir hf. eru sameiginlegur ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu ásamt velferðarsviði.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun Reykjavíkurborg ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is).